

# LOFTSLAGSSTEFNA

FLJÓTSDALSHREPPS

2025-2035



# GILDISSVIÐ OG UMFANG

Loftslagsstefnan tekur til alls reksturs sveitarfélagsins. Með rekstri er átt við rekstur allra þeirra eininga sem falla undir sveitarfélagið s.s. skrifstofur, mannvirki og áningarstaði.

Loftslagsstefnunni er einnig ætlað að vera íbúum og fyrirtækjum í Fljótsdalshreppi hvatning til góðra verka í loftslagsmálum.

Loftslagsbókhald mun innihalda tiltekna lykiltölur frá íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu.



# FRAMTÍÐARSÝN

Fljótsdalsheppur skal vera í fremstu röð meðal sveitarfélaga í lýðheilsu, umhverfis- og loftslagsmálum með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Sveitarfélagið skal sýna góð fordæmi til að ná markmiðum Parísarsamningsins um að takmarka hlýnun andrúmsloftsins við 1,5°C. Sveitarfélagið stefnir að því að binda **20% meira CO<sub>2</sub>** en sem svarar losun þess.



HEIMSMARKMIÐIN  
um sjálfbæra þróun



13 AÐGERDIR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM



# MEGINMARKMIÐ

## Draga úr losun og binda kolefni

A: Sveitarfélagið stefnir að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

A.1 Vegna úrgangs

A.2 Vegna samgangna

A.3 Vegna orku

A.4 Vegna innkaupa

A.5 Vegna landnotkunar

B: Sveitarfélagið stefnir að því að greina hvort sóknarfæri séu fyrir landeigendur innan þess til að binda kolefni í samvinnu við Land og skóg, nýskógrækt, uppgræðslu, endurheimt birkiskóga og endurheimt votlendis.

**MÆLANLEGUR ÁRANGUR:** Mælanleg markmið og kolefnisbókhald er lykillinn að árangri. Fljótsdalshreppur mun skoða að setja upp loftslagsbókhaldi 2026 og er viðmiðunarár sveitarfélagsins er 2025.

# AÐGERÐARÁÆTLUN

AÐGERÐ	ÁBYRGÐ	VERKLOK
Loftslags og aðgerðaráætlun tilbúin.	Sveitarstjórn	03.12.2024
Kolefnisspor/loftslagsbókhald sveitarfélagsins reiknað og birt árlega.	Umhverfisnefnd	2030
Árlega verður farið yfir kolefnisspor Fljótsdalshrepps og það borið saman við markmið loftslagsstefnu.	Umhverfisnefnd	2031
Greining á kolefnisbindingu sveitarfélagsins í samvinnu við Land og skóg til að kanna hvort landnotkun í sveitarfélaginu sé sjálfbær.	Sveitarstjórn	2025
Ef þörf er á verður skoðað hvort keyptar verði vottaðar kolefniseiningar og/eða gróðursetning.	Sveitarstjórn	2030
Loftslagsstefna og aðgerðaráætlun uppfærð, sett ný skammtímamarkmið fyrir þýðingarmikla umhverfispætti, þegar tölur úr kolefnisbókhaldi eru staðfestar.	Sveitarstjórn og umhverfisnefnd	2035
Kafla í skipulags- og útboðsgögnum er byggist á greiningum og leiðbeiningum um Grænni byggð ( <a href="https://www.graennibyggd.is/">https://www.graennibyggd.is/</a> ) og vistvæn mannvirki hjá <a href="http://www.hms.is">www.hms.is</a> . Innleiðing verkferla.	Skipulags- og byggingarnefnd	2035
Við skipulag íbúabyggðar og áningarstaða verður gert ráð fyrir vistvænum farartækjum og aðgangi að vistvænum orkugjöfum. Innleiða verkferla.	Sveitarstjórn, skipulags- og byggingarnefnd	2024

# AÐGERÐARÁÆTLUN

## AÐGERÐ

Bætt landnýting í þágu loftslagsmála, greining á sóknarfærum (<https://www.loftslagsvaennlandbunadur.is/>). Hvetja skal landeigendur og viðeigandi fagstofnanir til loftslagsvænni landbúnaðar.

Störf án staðsetningar – greina sóknarfæri og aðstöðu.

Fræðsla og upplýsingar um loftslagsmál til íbúa, unnið í samstarfi við fagstofnanir. Fræðslufundir í upphafi kjörtímabíla.

Stefna mótud hvar og hvernig móttaka á sorpi verður í sveitarfélaginu.

Úrgangur minnkaður árlega um 5% og endurvinnsluhlutfall aukið. Töluleg markmið endurskoðuð eftir 4 ár.

Stuðlað verður að aukinni jarðgerð og nýtingu lífræns úrgangs. Annað hvert ár.

Aðgerðaráætlun um fjölgun göngu-, reid- og hjólastíga og viðhaldi á núverandi stígum.

Stefnt að því að auka hlutfall umhverfisvottaðara vara í innkaupum upp í 90%.

## ÁBYRGÐ

Landeigendur og fagstofnanir

Sveitarstjórn

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd

Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd.  
Skipulags- og byggingarnefnd

Sveitarstjóri og starfsfólk

## VERKLOK

2026

2025

3.12.2024

2026

2025–2035

2030

2025



# Loftslagsstefna Fljótsdalshrepps

2025-2035

Samþykkt í sveitarstjórn

3.12.2024